

Landsyfirréttardómar 1910.

Mánudaginn 10. janúar.

Nr. 51/1908:

Valdstjórnin
gegn
L. A. Sekse.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað af hálfu valdstjórnarinnar á hendur L. A. Sekse útgerðarmanni frá Reykjarfirði, og var hann 22. maí f. á. dæmdur í lögreglurétti Ísafjarðarkaupstaðar fyrir brot gegn lögum um síldarnætur 25. sept. 1902 í 200 kr. sekt til landssjóðs og sakarkostnað allan, en þeim dómi hefir eftir beiðni kærða verið skotið til yfirdómsins.

Sumarið 1908 flutti kærði hingað til lands frá út-löndum síldarnót, er hann notaði hér við síldarveiðar. Um haustið flutti hann nótina til Noregs til að barka hana og bæta, og að því búnu kom hann aftur með hana hingað. Það er ekki berum orðum tekið fram í prófun málsins, hvaðan kærði flutti nótina hingað í upphafi, en eftir skýrslu hans var hún tilfærð á norskum tollseðli, er hann kom með hana til Akureyrar í ágúst-

mánuði 1908, og er eftir því heimilt að gera ráð fyrir, að nótin hafi þá verið flutt hingað til lands frá Noregi. Í fyrgreindum lögum 25. sept. 1902 er nú mælt svo fyrir, að þegar sildarnætur eru fluttar til Íslands frá öðrum ríkjum, skuli skýra lögreglustjóra frá því, en þetta lét kærði farast fyrir í bæði skiftin, er hann flutti umgetna sildarnót hingað frá Noregi, sem fyr er sagt. Auk þess er það í lögnum bannað, að flytja sildarnæturnar (þ: þær sem eru hingað fluttar frá öðrum ríkjum) aftur frá landinu, þegar þær hafa verið notaðar við veiðar og hefir kærði þannig einnig gerst brotlegur gegn þessu banni. Það er því rétt, að kærði hefir með hinum áfrýjaða dómi verið látinn sæta sekt fyrir brot á nefndum lögum, en eftir atvikum virðist hæfilegt að ákveða sektina 100 kr. Með þessari breytingu ber því að staðfesta dóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans. Allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað ber hinum kærða að greiða, þar með talin málfutningslaun hins skipaða sækjanda og skipaða verjanda við yfirdóminn 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að sektin ákveðst 100 kr. Kærði L. A. Sekse greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens 10 kr. til hvors.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúar.

Nr. 43/1909:

Einar M. Jónasson
gegn
Runólfi E. Sverresen.

D ó m u r :

Stefndur Runólfur E. Sverresen og Sveinbjörn nokkur Stefánsson snikkari makaskiftu síðast á árinu 1906 húseignum sínum í Reykjavík, Litlu-Klöpp, er stefndur átti og nr. 40 B við Njálsgötu, er Sveinbjörn átti, og var verð eignauna ákveðið 2700 kr. og 4700 kr. Fengu þeir aðstoð áfrýjanda málflutningsmanns Einars M. Jónasonar til að koma makaskiftunum í lag, og átti hann að fá sem þóknun fyrir starf sitt 2% af verði hinna makaskiftu eigna eða 54 kr. + 94 kr. Um sama leyti og þessi makaskifti gerðust, fekk áfrýjandi fyrir hönd stefnda endurgreiddar á bæjarfógetaskrifstofunni í Reykjavík 300 kr., sem losnuðu þar úr tryggingu fyrir eigandaskiftin á Litlu-Klöpp og tilbeyrðu stefndum en þegar stefndur krafðist upphæðar þessarar af áfrýjanda, hélt hann eftir af henni og tók til sín í forboði stefnds 96 kr., þar af 94 kr. sem sölulaun fyrir húseign Sveinbjarnar nr. 40 B við Njálsgötu og 2 kr. fyrir veðbókarvottorð, er hann taldi